

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.7.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í Loðnuvinnsluna vegna mengunarslyss þegar lýsi lak í sjóinn laugardaginn 30. júní sl. Tvö frávik frá starfsleyfi voru skráð vegna þessa og tvær ábendingar gerðar við starfsemina.

Unnið er að úrbótum en óskar stofnunum eftir eftirfarandi gögnum þar um

- vikulegri skýrslu úr daglegri vöktun fjörunnar
- upplýsingum um efnanotkun ef gripið verður til þess við hreinsun fjörunnar
- verklagsreglum um útskipun til að fyrirbyggja að sambærileg atvik endurtaki sig
- lagnateikningum yfir lagnir sem innihalda vökva frá Loðnuvinnslunni
- uppfærðu áhættumati og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs- og stranda.

UMFANG EFTIRLITS

Leifur Þorkelsson og Hákon Hansson frá HAUST voru viðstaddir eftirlitið.

Byrjað var á eftirlitsfundi þar sem að farið var yfir atvikið, viðbrögð og úrbætur vegna mengunaráhættu sem átti sér stað að morgni 30. júní sl. Við útskipun á lýsi var ekki hugað nægilega að opnum krana á lögninni (um 2 tommu) sem olli því að lýsi lak í sjóinn. Upp undir klist leið frá því að útskipun hófst þar til að óhappið uppgötvaðist. Atvikið var tilkynnt til rekstrarstjóra sem tilkynnti atvikið til heilbrigðisfulltrúa, vaktahafandi lögreglumann og hafnarstarfsmann. Heilbrigðisfulltrúi kom á staðinn og gerði skýrslu og er nánar farið yfir atvikið í þeirri skýrslu. Á mánudagsmorgni fær rekstraraðili tilkynningu í gegnum heilbrigðisfulltrúa og fjölmiðla um lýsismengun í fjörum í botni fjarðarins. Í kjölfarið var farið í hreinsunaraðgerðir. Á fundinum var farið yfir úrbætur og aðgerðir rekstraraðila til að fyrirbyggja að sambærileg atvik ættu sér stað aftur. Skerpt hefur verið á verklagi en unnið að uppfærslu gagna s.s. áhættumats, viðbragðsáætlunar og verklagsreglna.

Að loknum eftirlitsfundi var gengið um fjörur í botni fjarðarins þar sem að lýsismengunar hafði helst orðið vart. Velt var við fjörugrjóti suðvestan í firðinum þar sem að lýsismengunin var mest. Einnig voru fituleysanleg efnum hellt yfir mestu pollana. Starfsmenn Umhverfisstofnunar mátu að rótið hefði borið árangur og ekki væri ástæða til að aðhafast meira á því svæði.

Í landfyllingu við flugvöllinn voru sýnilegri lýsispollar. Einnig var sýnileg lýsismengun í smábátahöfninni. Rekstraraðila var leiðbeint um frekari hreinsunaraðgerðir á þeim stöðum í kjölfar eftirlitsins.

Að lokinni skoðunarferð voru aðstæður við útskipun í verksmiðjunni skoðaðar og litið á lögnina þar sem að lekinn átti sér stað. Einnig var litið á hreinsivirki frárennslis frá verksmiðjunni.

Frávik frá

grein 4.4

Lýsing á frávik

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda þarfnast endurskoðunar. Sérstaklega skal hugað að mögulegri mengunarhættu við útskipun.

grein 1.10

Umhverfistjón varð þegar lýsi lak í sjóinn (áætlað um 2 tonn). Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfisstjóni af völdum atvinnustarfseminnar sbr. lög nr. 55/2012 og skal koma í veg fyrir eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir

ATHUGASEMDIR

Í eftirlitinu kom fram að skriflegar verklagsreglur við útskipun liggja ekki fyrir. Mikilvægt er að verklag verði endurskoðað og gengið verið úr skugga að lærdómur verði dreginn af þessu atviki til að fyrirbyggja að sambærilegt atvik eigi sér stað í verksmiðjunni.

Í eftirlitinu var óskað eftir lagnateikningu yfir lagnir á lóðinni.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.08.2018


Halla Einarsson
Halla Einarsson